

V. KAFLI

8

Niðurlagsákvæði.

1. febr.

28. gr.

Ákvæði V. kafla 23. gr. laga nr. 43 20. júní 1923, svo og 10. og 11. gr. laga nr. 40 7. maí 1928 taka eigi til þeirra jarða, er byggðar verða samkvæmt lögum þessum.

29. gr.

Lög nr. 31 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, lög nr. 50 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða, lög nr. 51 frá 1911, um breytingu á þeim lögum, eru úr gildi felld, svo og tilskipun frá 17. apríl 1833 viðvíkjandi óðalsrétti á Íslandi.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

9

um breyting á lögum nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.

1. febr.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931 orðist svo sem hér segir:

Allur verkaður og óverkaður saltfiskur, sem út er fluttur héðan af landi sem islenzkur fiskur, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmanns,

9 Undanskildar eru þó smásendingar, 100 kg. eða minni, sem sendar eru í til-
1. febr. raunaskyni eða að gjöf.

Saltfisk, sem veiðiskip flytja sjálf til útlanda, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá mati þegar svo stendur á, að saltaðan fisk á að senda út í því skyni að afla nýs markaðs eða um er að ræða vöru, sem er frábrugðin venjulegum saltfiski, svo að líklegt sé, að matsmenn skorti þekkingu til að meta gæði hennar. Slíka undanþágu skal þá veita eftir tillögu fiskimatsstjóra, og aðeins um stundarsakir, meðan útflutningurinn er á tilraunastigi, og með skilyrðum, sem hæfileg þykja í hvert sinn.

Aður en verkaður eða óverkaður saltfiskur gengur kaupum og sölum innanlands, skal meta hann og flokka eftir gæðum, ef hann er ætlaður til útflutnings. Matsmenn skera úr, hvenær óverkaður saltfiskur er matshæfur.

Yfirfiskimatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, sem þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns, ritað aftan á farmskirteinið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skyldað eigendur fiskgeymslu- og fiskverkunarhúsa til þess að hreinsa húsin og fiskverkunaráhöld árlega úr gerlaeyðandi efnum. Ríkið leggur þá til hið gerlaeyðandi efni, en húseigendur kosta hreinsunina að öðru leyti. Yfirfiskimatsmenn leiðbeini við hreinsunina og hafi eftirlit með henni.

Fyllri fyrirmæli um mat og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu sett í erindisbréf og reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út.

2. gr.

3., 4. og 5. málsg. 2. gr. laganna falli niður. Í þeirra stað komi ný málsg., svo hljóðandi:

Til þess að tryggja sem bezt samræmi fiskimatsins í landinu skal fiskimatsstjóri halda fundi með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Auk þeirra skal fiskifulltrúi Íslands á Spáni sækja fundi þessa, þegar því verður við komið, og láta í té aðstoð sína.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson,